

Samantekt

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Magnús Ingi Jónsson, Nancy Rut Helgadóttir og Steinar Rafn Beck Baldursson fóru í reglubundið sjóneftirlit hjá Kaldvík þann 11. júní 2026.

Sígt var með framleiðslustjóra, þjónustustjóra og svæðisstjóra út á eldissvæði Kaldvíkur að Hafranesi í Reyðarfirði og fylgdust eftirlitsmenn þar með daglegum störfum á svæðinu. Meðal daglegra starfa var upptaka dauðfisks og sveimara.

Næsta eftirlit verður samkvæmt eftirlitsáætlun Matvælastofnunar.

Frávik	Úrbótafrestur
Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit - Eldissvæði	Næsta skoðun

Frávik

Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit Eldissvæði

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Eldisbúnaður er utan skilgreinds eldissvæðis á eldissvæðinu Hafranesi samkvæmt rekstrarleyfi en skv. 30. gr. rgl. nr. 540/2020 skal staðsetning sjókvíaeldisstöðvar vera innan eldissvæðis 14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Skráning í eftirliti dags. 11.06.2026:

Ekki hefur verið bætt úr frávikinu og því er það enn til staðar.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Niðurlag

Þann 12/06/2026 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 16/06/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 1 skoðunaratriði, þar af 0 alvarleg frávik og 1 frávik.

Sjókvíaelði - Sjóneftirlit: 11 af 11 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af var 1 frávik og 0 alvarlegt frávik.

Nánari útlitun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á [Ísland.is](#).

Lagagrunnur eftirlits

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Sjókvíaelði - Sjóneftirlit

- | | | |
|--------------------------|--|-----------------------------------|
| • Rekstrarleyfi | • Dagbókarfærslur | • Viðbragðsáætlun vegna stroks |
| • Bátar og flutningstæki | • Dauðfiskur | • Eldisbúnaður |
| • Eldissvæði | • Merkingar sjókvíaeldisstöðva – kvía... | • Búnaður til að endurheimta fisk |
| • Viðbragðsáætlanir | • Innra eftirlit | |